

## Ársuppgjör Rarik 2025: Sterk afkoma og traustur rekstur

Stjórn Rarik hefur samþykkt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025.

Rekstur samstæðunnar gekk vel á árinu og var afkoma betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrartekjur námu 28,3 ma.kr. og jukust um 18,0% milli ára. Tekjur af hitaveitu lækkuðu um 20% á milli ára sem skýrist af því að Rarik hætti rekstri á fjarvarmaveitunni á Seyðisfirði. Stærsti kostnaðarliðurinn, sem eru orkutengd kaup, hækkuðu um 10% og þar af orkuflutningur um 14% á milli ára. Undirliggjandi rekstur var traustur á árinu og framlegð félagsins styrktist.

EBITDA nam 10,3 ma.kr. á árinu 2025 samanborið við 7,6 ma.kr. árið áður og hækkaði um 35,8% milli ára. EBITDA hlutfall var 36,2% samanborið við 31,5% árið 2024. Hagnaður samstæðunnar nam 3,6 ma.kr. samanborið við 2,2 ma.kr. árið áður og jókst um 58,5%.

Efnahagur samstæðunnar er áfram traustur. Eigið fé nam 68,3 ma.kr. í árslok og eiginfjárlutfall var 63,7% samanborið við 62,9% árið áður. Handbært fé frá rekstri nam 8,2 ma.kr. á árinu og fjárhagsstaða félagsins er sterk. Traust eiginfjárstaða og öflugt sjóðstreymi styðja við þá uppbyggingu og fjárfestingar sem fram undan eru.

Sterk rekstrarniðurstaða ársins styrkir getu Rarik til að sinna mikilvægu innviðahlutverki sínu og standa undir áframhaldandi uppbyggingu raforkukerfisins á landsbyggðinni. Á árinu 2025 fjárfesti samstæðan fyrir 9,3 ma.kr. í innviðum og tækni, og áfram er fyrir séð að umfangsmiklar fjárfestingar verði nauðsynlegar til að styðja við orkuskipti á landsbyggðinni, bæta afhendingaröryggi og skapa forsendur fyrir aukna atvinnuuppbyggingu og lífsgæði.

### Rekstraratvik vegna orkukaupasamnings

Á árinu 2025 gerði Orkusalan, dótturfélag Rarik, orkukaupasamning við Landsvirkjun fyrir árið 2026. Síðar kom í ljós að vegna rangrar skráningar á lokadagsetningu eldri samnings í kerfum félagsins hafði verið samið um orkukaup umfram áætlaða þörf fyrir árið 2026. Í ljósi markaðsaðstæðna var færð skuldbinding í ársreikningi samstæðunnar að fjárhæð 720 m.kr. vegna samningsins.

Á árinu 2026 verður unnið markvisst að því að draga úr áhrifum þessa atviks, meðal annars með því að nýta svigrúm í eigin framleiðslu og viðhaldi og takmarka önnur orkukaup eins og unnt er.

## Horfur fyrir árið 2026 og næstu ár

Rekstrarhorfur fyrir árið 2026 eru góðar. Samstæðan stendur á traustum grunni og er vel í stakk búin til að takast á við umfangsmikil verkefni fram undan.

Á næstu fimm árum stefnir Rarik að verulegri uppbyggingu innviða, með fjárfestingum sem nema að jafnaði um 10 ma.kr. á ári. Þær fjárfestingar eru nauðsynlegar til að styrkja dreifikerfið, mæta orkuskiptum, bæta afhendingaröryggi og skapa forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs og búsetu á landsbyggðinni.

Samhliða þessari uppbyggingu mun Rarik leita leiða til að vera eftirsóknarverður samstarfsaðili fyrir fyrirtæki sem vilja byggja upp starfsemi á dreifisvæði félagsins. Með markvissum og skýrum framtíðaráherslum í allri starfsemi sinni vill félagið styðja við ný tækifæri til verðmætasköpunar.

Þá horfir Orkusalan jafnframt til nýrra orkukosta og tækifæra til að auka eigin raforkuframleiðslu félagsins. Með þessum áherslum styrkist rekstrargrundvöllur samstæðunnar í heild til lengri tíma.

Fram undan er krefjandi en jafnframt spennandi ár, þar sem áhersla verður lögð á ábyrga fjármálastjórn og breytta áherslu í fjármögnun. Jafnframt mun Rarik halda áfram öflugri innviðauppbyggingu og þróun á landsbyggðinni til að efla þar atvinnulíf, verðmætasköpun og búsetu.

Helstu stærðir samstæðuársreiknings Rarik ohf. Allar upphæðir eru í milljónum króna.

Rekstrarreikningur	2025	2024	2023	2022	2021
Rekstrartekjur	28.349	24.017	20.736	18.027	16.748
Rekstrargjöld	18.091	16.461	14.038	12.427	11.099
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>	<b>10.258</b>	<b>7.556</b>	<b>6.698</b>	<b>5.600</b>	<b>5.649</b>
Afskriftir	4.093	3.551	3.221	2.878	2.731
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b>	<b>6.164</b>	<b>4.005</b>	<b>3.477</b>	<b>2.722</b>	<b>2.918</b>
Fjármagnsgjöld (nettó)	-1.714	-1.159	-1.576	-2.582	-1.553
Áhrif hlutdeildarféлага				2.339	1.018
<b>Hagnaður ársins fyrir skatta</b>	<b>4.450</b>	<b>2.846</b>	<b>1.901</b>	<b>2.479</b>	<b>2.383</b>
Tekjuskattur	-891	-601	-381	-21	-273
<b>Hagnaður</b>	<b>3.559</b>	<b>2.245</b>	<b>1.520</b>	<b>2.458</b>	<b>2.110</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Eignir samtals	107.224	103.285	93.829	88.914	83.469
Eigið fé samtals	68.260	64.931	58.037	55.785	53.652
Skuldir samtals	38.964	38.354	35.792	33.129	29.817
Vaxtaberandi skuldir	29.554	30.140	29.142	27.121	24.528
Handbært fé	801	470	83	24	356
<b>Sjóðstreymi</b>					
Handbært fé frá rekstri	8.198	5.399	4.397	4.471	4.570
Greiddir vextir	1.133	1.290	1.146	785	740
Fjárfesting ársins	9.320	8.400	7.644	6.798	5.317
Greiddur arður	1.068	310	311	310	310
<b>Kennitölur</b>					
Fjárfesting sem hlutfall af tekjum ársins	33%	35%	37%	38%	32%
Vaxtaþekja	9,06	5,86	5,84	7,13	7,63
Eiginfjárhlutfall	63,7%	62,9%	61,9%	62,7%	64,3%
EBITDA hlutfall af heildarveltu	36,2%	31,5%	32,3%	31,1%	33,7%
Arðsemi eiginfjár	5,3%	3,7%	2,7%	4,5%	4,1%
Skuldahlutfall	2,80x	3,93x	4,34x	4,84x	4,28x

Samstæðuársreikningur Rarik ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Ársreikningur Rarik 2025 var samþykktur á fundi stjórnar þann 26. mars 2026.

Nánari upplýsingar veitir Elísabet Ýr Sveinsdóttir framkvæmdastjóri fjármála Rarik, [elisabet@rarik.is](mailto:elisabet@rarik.is)